

www.pwc.is

Skattar 2019

Upplýsingar um skattamál einstaklinga og fyrirtækja



pwc

Einstaklingar



Skattar og gjöld

Tekjuskattur og útsvar

Skattur af tekjum einstaklinga skiptist annars vegar í tekjuskatt til ríkisins og hins vegar í útsvar til sveitarfélaga. Tekjuskattur og útsvar eru innheimt í staðgreiðslu, þ.e. mánaðarlega á því ári sem teknanna er aflað. Tekjuskattur á einstaklinga er þrepaskiptur og miðað við mánaðarlegar tekjur greiðist tekjuskattur í eftirfarandi þrepum:

	Tekjuskattur	Útsvar	Samtals
Af fyrstu 927.087 kr. (11.125.045 kr. á ári)	22,50%	14,44%	36,94%
Af tekjum umfram 927.087 kr. (11.125.045 kr. á ári)	31,80%	14,44%	46,24%

Einstaklingar sem fá laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari mánaðarlaun yfir 927.087 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af launum frá öðrum launagreiðendum.

Þegar skattaðilar eru samskattaðir skal við álagningu opinberra gjalda taka tillit til þess hvort tekjuskattsstofn annars aðila er undir 11.125.045 kr. og hins yfir sömu upphæð. Þá færast helmingurinn af ónýttu neðra skattþrepi hjá tekjulægri aðila yfir til þess tekjuhærri, þó aldrei hærri fjárhæð en 5.562.523 kr. Ekki er tekið tillit til þessara tilfærslna á staðgreiðsluári heldur reiknast hún í álagningu.

Börn fædd 2004 og síðar greiða 6% (4% tekjuskatt og 2% útsvar) af tekjum umfram 180.000 kr. í skatt og þau eiga ekki rétt á persónuafslætti.

Útvarpsgjald

Allir einstaklingar á aldrinum 16-69 ára sem voru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2018, þ.e. 1.750.783 kr., eiga að greiða útvarpsgjald. Gjaldið við álagningu 2019 er 17.500 kr.

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Allir einstaklingar á aldrinum 16-69 ára sem voru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2018, þ.e. 1.750.783 kr., eiga að greiða gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Gjaldið við álagningu 2019 er 11.454 kr.

Fjármagnstekjuskattur

Skattur er lagður á fjármagnstekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar. Skatthlutfallið er 22% og ber að halda eftir staðgreiðslu af þessum tekjum:

- Vextir
- Arður

Fjármagnstekjur sem eru skattskyldar án þess að halda beri eftir staðgreiðslu:

- Leigutekjur
- Söluhagnaður
- Aðrar eignatekjur

Ekki skal reikna tekjuskatt af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 150.000 kr. á ári hjá einstaklingum (300.000 kr. hjá hjónum). Ekki er tekið tillit til frítekjumarks í staðgreiðslu heldur einungis við álagningu opinberra gjalda.

Almenna reglan er sú að tekjur manna af útleigu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis, teljast stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Frá þessu eru þrjár undantekningar og séu þær uppfylltar flokkast umræddar tekjur sem fjármagnstekjur. Skilyrðin eru að um sé að ræða:

1. Útleigu á íbúðarhúsnæði sem fellur undir húsaleigulög, enda séu hinar sérgreindu útleigðu fasteignir ekki fleiri en tvær.
2. Tekjur af útleigu á íbúðarhúsnæði sem fellur undir húsaleigulög og húsnæðið var til eigin nota leigusala en hann leigir sjálfur annað íbúðarhúsnæði til eigin nota. Við þessar aðstæður er heimilt að draga leigugjöld frá leigutekjum (leiga á móti leigu).
3. Útleigu sem telst vera heimagisting samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Leigutekjur sem falla undir framangreindar þrjár undantekningar eru skattlagðar samkvæmt framtali og teljast til fjármagnstekna. Skatturinn er alfarið greiddur eftirá. Ekki er heimilaður frádráttur á móti leigutekjum og eru því brúttótekjur skattlagðar (að teknu tilliti til 50% frítekjumarks vegna útleigu á íbúðarhúsnæði sem fellur undir húsaleigulög).

Skattskyldur hagnaður af sölu eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri myndar stofn til fjármagnstekjuskatts. Söluhagnaður eigna telst almennt vera mismunur söluverðs og stofnverðs eignarinnar, eftir atvikum að teknu tilliti til áður fenginna fyrninga og áður fengins söluhagnaðar að frádrögnum sölukostnaði.

Farið er með hagnað af uppgjöri afleiðusamninga eins og söluhagnað eigna, þar sem heimilt er að draga frá heildarhagnaðinum það tap sem einstaklingur kann að hafa orðið fyrir vegna sölu samskonar eigna á sama ári.

Afslættir, bætur og frádrættir

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur árið 2019	677.358 kr.
Persónuafsláttur á mánuði	56.447 kr.

Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á vaxtabótum. Greiddir vextir og verðbætur af lánum teljast til vaxtagjalda. Ekki skal miða við gjaldfallna vexti við útreikning vaxtabóta.

Almennt við ákvörðun vaxtabóta geta vaxtagjöld aldrei farið yfir 7% af eftirstöðvum þeirra lána sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis, miðað við stöðu þeirra í árslok.

Hámark vaxtagjalda til ákvörðunar vaxtabóta við álagningu 2019:

Einhleypingur	840.000 kr.
Einstætt foreldri	1.050.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	1.260.000 kr.

Frá vaxtagjöldum dragast 8,5% af tekjustofni (samanlögðum tekjustofni hjóna og sambúðarfólks*). Sé einungis annað hjóna skattskyld hér á landi skal ákvarða því vaxtabætur hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Vaxtatekjur skerða ekki vaxtagjöld við útreikning vaxtabóta en þær, ásamt öðrum fjármagnstekjum, eru taldar með í tekjustofni við útreikning á skerðingu bótanna vegna tekna. Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar kemur þó ekki inn í útreikning bótanna. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega ef eignir að frádregnum skuldum eru:

Hjá einhleypingi/einstæðu foreldri:

Hærri en	5.000.000 kr.
Falla niður við hreina eign hærri en	8.000.000 kr.

Hjá hjónum og sambúðarfólki:

Hærri en	8.000.000 kr.
Falla niður við hreina eign hærri en	12.800.000 kr.

Fullar vaxtabætur við álagningu 2019:

Einhleypingur	420.000 kr.
Einstætt foreldri	525.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	630.000 kr.

* að meðtöldum óskattlögðum launum frá alþjóðastofnunum.

Heimilt er að greiða vaxtabætur fyrir fram og þá er um bráðabirgðagreiðslu að ræða. Vaxtabætur eru greiddar 1. júlí, 1. október, 1. febrúar og 1. maí. Sækja þarf um fyrirframgreiðslu vaxtabóta til ríkisskattstjóra. Endanlegar vaxtabætur ákvarðast í álagningu.

Athygli skal vakin á því að þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda hjá einstaklingum, hins vegar mynda lántökugjöld af skuldabréfum stofn til vaxtabóta.

Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Vaxtabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

Barnabætur

Barnabætur eru reiknaðar í fyrsta skipti vegna barns í álagningu ári eftir að það fæðist og í síðasta skipti í álagningu á því ári sem það nær 18 ára aldri. Barnabætur eru tekjutengdar.

Óskertar bætur hjóna og sambúðarfólks:

Með fyrsta barni	234.500 kr.
Með hverju barni umfram eitt	279.200 kr.

Óskertar bætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	390.700 kr.
Með hverju barni umfram eitt	400.800 kr.

Hlutfall skerðinga barnabóta hjá einstæðum foreldrum:

	<u>Eitt barn</u>	<u>Tvö börn</u>	<u>Þrjú eða fleiri</u>
Tekjustofn á bilinu 3,6 m.kr. til 5,5 m.kr.	4%	6%	8%
Tekjustofn umfram 5,5 m.kr.	5,5%	7,5%	9,5%

Hlutfall skerðinga barnabóta hjá hjónum/sambúðarfólki:

	<u>Eitt barn</u>	<u>Tvö börn</u>	<u>Þrjú eða fleiri</u>
Tekjustofn á bilinu 7,2 m.kr. til 11 m.kr.	4%	6%	8%
Tekjustofn umfram 11 m.kr.	5,5%	7,5%	9,5%

Að auki eru greiddar sérstakar barnabætur vegna barna yngri en sjö ára, 140.000 kr., sem eru tekjutengdar og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% með hverju barni.

Barnabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á hvern framfæranda falla niður við álagningu 2019.

Greiðsludagar barnabóta eru 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október. Fyrirframgreiðsla barnabóta nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðsluna skal greiða eigi síðar en 1. febrúar og þá síðari eigi síðar en 1. maí.

Ökutækjastyrkur

Launþega er heimilt að færa til frádráttar af fjárhæð ökutækjastyrks tiltekinn kostnað á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Akstur launamanns á milli heimilis og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda í þessu sambandi. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggji skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla. Jafnframt þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda og því hvort greitt hefur verið fyrir almennan akstur, sérstakan akstur eða torfæruakstur. Frádráttur getur ekki orðið hærri en ökutækjastyrkur sem talinn er til tekna. Ef frádráttur er lægri en styrkurinn ber að reikna tekjuskatt og útsvar af mismuninum.

Hafi maður fengið greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum þar sem ekki er bundið slitlag er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 15% hærri. Hafi maður fengið greitt torfærugjald vegna aksturs á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 45% hærri.

Á tekjuárinu 2019 eru eftirfarandi fjárhæðir heimilaðar til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra.

Akstur í þágu launagreiðanda Frádráttur á hvern ekinn km

0–1.000 km	110 kr.
1.001–2.000 km	108 kr.
2.001–3.000 km	106 kr.
3.001–4.000 km	93 kr.
4.001–5.000 km	91 kr.
5.001–6.000 km	89 kr.
6.001–7.000 km	87 kr.
7.001–8.000 km	86 kr.
8.001–9.000 km	84 kr.
9.001–10.000 km	82 kr.
10.001–11.000 km	78 kr.
11.001–12.000 km	76 kr.
12.001–13.000 km	74 kr.
13.001–14.000 km	72 kr.
14.001–15.000 km	70 kr.
15.001 km og meira	65 kr.

Dagpeningar

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts sammingsbundins vinnustaðar. Þeim er ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili, annars vegar vegna gistingar og hins vegar vegna fæðiskaupa

og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Á tekjuári þarf ekki að draga staðgreiðslu af dagpeningum, svo fremi að greiðslurnar séu ekki hærrí en kveðið er á um í skattmati ríkisskattstjóra. Séu þær hærrí ber að draga staðgreiðslu af mismuninum.

Fái launþegi greidda dagpeninga frá lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu þurfa ætíð jafnframt að liggja fyrir reikningar um kostnað vegna ferðalaga í þágu launagreiðandans. Frádráttur getur aldrei numið hærrí fjárhæð en þeim kostnaði sem sannað er að sé ferðakostnaður í þágu launagreiðandans.

Dagpeningar innanlands:	janúar - maí 2018	frá júní 2018
Gisting og fæði í einn sólarhring	26.200 kr.	35.900 kr.
Gisting í einn sólarhring	15.000 kr.	24.600 kr.
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	11.200 kr.	11.300 kr.
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.600 kr.	5.650 kr.

	Dagpeningar erlendis: Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
	Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
Flokkur 1: SDR	208	125	333	133	80	213
Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC						
Flokkur 2: SDR	177	106	283	113	67	180
Dublin, Ístanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl						
Flokkur 3: SDR	156	94	250	100	60	160
Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Ósló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín						
Flokkur 4: SDR	139	83	222	89	54	143
Annars staðar						

Fjárhæð dagpeninga kann að breytast innan ársins. Hægt er að nálgast skattmat ríkisskattstjóra á heimasíðu embættisins, www.rsk.is.

Framlag í lífeyrissjóð

Skylda til að greiða iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda hvílir á öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur (16-70 ára). Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð skal vera 12% (4% hjá launþega og 8% hjá launagreiðanda, en mótframlagið ræðst af kjarasamningum) og er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa eða reiknuðu endurgjaldi. Iðgjaldshluti launþegans (4%) dregst frá skattskyldum tekjum hans. Til gjaldstofns teljast ekki hlunnindi eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

Til viðbótar lágmarksiðgjaldi er launamanni heimilt í staðgreiðslu að greiða og draga frá skattskyldum tekjum sínum allt að 4% viðbótariðgjald, sé iðgjaldinu varið til að auka lífeyrisréttindi.

Viðbótariðgjaldinu má ráðstafa í séreignarsjóð.

Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skal telja til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Á árinu 2019 nemur endurgreiðsla vegna vinnu (iðnaðar-/verka-)manna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis 60% af greiddum virðisaukaskatti.

Hlutabréfafrádráttur

Heimilt er við tilteknar aðstæður, að uppfylltum nánari skilyrðum, að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattstofni einstaklinga hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutabréfum (úr hlutafjárukningu) í hlutafélögum sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Skilyrðin snúa hvoru tveggja að félaginu sem fjárfest er í og einstaklingnum sem óskar eftir frádrættinum. Um er að ræða 50% frádrátt frá tekjuskattstofni að viðbættum fjármagnstekjum vegna fjárfestingar allt að 10.000.000 kr. á ári. Heimildin hefur verið framlengd og gildir nú tekjuárin 2016-2021 við álagningu á árunum 2017-2022. Frá og með 1. janúar 2019 hefur takmörkun er snýr að starfsmönnum og stjórnarmönnum félags verið afnumin úr lögum, en þeir mega nú nýta sér frádráttarheimildina við álagningu 2020 vegna tekjuársins 2019.

Erlendir sérfræðingar

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eru 25% af tekjum erlendra sérfræðinga skattfrjálstar og undanþegar staðgreiðslu (þ.e. frádráttarbærar frá tekjuskattstofni) fyrstu þrjú ár í starfi hér á landi.

Umsókn um lækkun tekjuskattstofns

Undir sérstökum kringumstæðum getur ríkisskattstjóri lækkað tekjuskattstofn einstaklinga. Sækja þarf um lækkun á fylgiblaði RSK 3.05 með framtali. Rökstyðja þarf umsókn og senda með fylgigögn. Lækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni er heimil þegar þannig er ástátt:

- Veikindi, slys eða ellihrörleiki, sem hafa í för með sér veruleg útgjöld.
- Mannslát. Veitt er ívilnun vegna útfararkostnaðar.
- Veikindi/fötlu barns sem hefur í för með sér veruleg útgjöld.
- Framfærsla vandamanna, t.d. foreldra.
- Ungmenni í námi.
- Eignatjón sem ekki fæst bætt.
- Tapaðar kröfur eða fallnar ábyrgðir sem ekki tengjast atvinnurekstri.

Sérstakar undanþágur frá skattlagningu

Uppbætur á lífeyri vegna framfærslubyrði og uppbót vegna reksturs bifreiðar samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, teljast ekki til skattskyldra tekna frá og með 1. janúar 2019.

Skattskyld hlunnindi og styrkir

Kaupréttur

Einstaklingur sem nýtir sér kauprétt á hlutabréfum sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila skal færa mismun á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur sér til skattskyldra launatekna. Skattlagningu er frestað þar til bréfin eru seld. Þó skal umræddur mismunur skattlagður sem fjármagnstekjur í stað launatekna ef skilyrði 10. gr. tekjuskattslaga eru uppfyllt.

Bifreiðahlunnindi

Færa skal launþega til tekna umráð hans yfir bifreið launagreiðanda. Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té bifreið til fullra umráða skal meta þau starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Við ákvörðun á fjárhæð fullra bifreiðahlunninda fyrir tekjuárið 2019 skal miða við verð bifreiðar og aldur. Jafnframt þarf að taka tillit til þess hvort bifreið sé í eigu launagreiðanda eða hvort hann hafi hana t.d. á rekstrarleigu.

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar, með vísan til þess sem að framan greinir. Mánaðarleg hlunnindi teljast $\frac{1}{12}$ af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár/ það ár sem launagreiðandi fær umráð yfir henni, en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af verði hennar.

Bifreið í eigu launagreiðanda:

Bifreið keypt 2014 eða síðar:

Ársumráð skulu miðast við 28% af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðandans eða þess sem innir hlunnindin af hendi.

Bifreið keypt 2013 eða fyrr:

Ársumráð skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03, fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun. Sé bifreiðin ekki í skránni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Bifreið sem er ekki í eigu launagreiðanda:

Ársumráð skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar samkvæmt verðlista viðkomandi bifreiðumboðs þegar launagreiðandi fær umráð yfir bifreiðinni, t.d. þann dag sem bifreið er tekin á leigu.

Húsnæðishlunnindi

Ef launagreiðandi útvegar launþega húsnæði og launþegi greiðir ekki fyrir afnot af húsnæðinu skal færa launþega umrædd umráð til tekna. Tekjurnar miðast við 3,5%, 4% eða 5% af fasteignamati viðkomandi húsnæðis og fer prósentutalan eftir staðsetningu húsnæðisins (5% fyrir húsnæði í Reykjavík).

Endurgjaldslauslausa orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fæðishlunnindi

Ef launagreiðandi lætur starfsmanni og/eða fjölskyldu hans í té fæði endurgjaldslaust skal færa launþega það til tekna á árinu 2019, sbr. neðangreint:

Morgunverður	348 kr.
Hádegisverður eða kvöldverður	521 kr.
Fullt fæði á dag	1.390 kr.

Þegar um er að ræða börn undir 12 ára aldri er heimilt að lækka fjárhæðir um fjórðung.

Samgöngugreiðslur

Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda á kostnaði launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda ef nýttar eru almenningsamgöngur eða vistvænn samgöngumáti að hámarki samtals 8.000 kr. á mánuði og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningsamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda. Nýting slíks ferðamáta verður að ná a.m.k. 80% af heildarfjölda ferða. Nái starfsmaður ekki þessu hlutfalli er heimilt að undanþiggja helming framangreindrar fjárhæðar frá skattskyldu (4.000 kr. á mánuði), enda nemi vistvænar ferðir a.m.k. 40% af heildarfjölda ferða.
2. Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.
3. Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

Líkamsræktarstyrkur

Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu frá launagreiðanda eða stéttarfélagi allt að 60.000 kr. á ári. Allt umfram þá fjárhæð er skattlagt líkt og um launatekjur sé að ræða.

Náms-, rannsóknar- og vísindastyrkir

Heimilt er að færa beinan kostnað til frádráttar á móti veittum náms-, rannsóknar- og vísindastyrkjum og telst þá einungis mismunurinn til skattskyldra tekna. Persónulegur kostnaður verður þó ekki dreginn frá með þessum hætti. Gera skal sundurliðaða grein fyrir kostnaðinum á sérstöku yfirliti með framtali.

Yfirlit yfir tölulegar upplýsingar 2018 og 2019

Einstaklingar

Staðgreiðsluhlutfall

Mánaðarlaun	2018		2019	
Skattþrep I	Af fyrstu 893.713 kr.	36,94%	Af fyrstu 927.087 kr.	36,94%
Skattþrep II	Tekjur umfram 893.713 kr.	46,24%	Tekjur umfram 927.087 kr.	46,24%

	2018	2019
Staðgreiðsluhlutfall barna fæddra 2004 og síðar af launum umfram 180.000 kr.	6%	6%
Sérstakt staðgreiðsluhlutfall aðila með takmarkaða skattskyldu án persónuafsláttar (20% tsk. og meðalútsvar)	34,44%	34,44%

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur ársins	646.739 kr.	677.358 kr.
Persónuafsláttur á mánuði	53.895 kr.	56.447 kr.

Ónýttur persónuafsláttur millifærast hjá samsköttuðum

Skattleysismörk almennra launamanna eftir lífeyrissjóðsfrádrátt:

Á ári	1.750.783 kr.	1.833.672 kr.
Á mánuði	145.899 kr.	159.174 kr.

Fjármagnstekjuskattur

22% 22%

Lögaðilar

Tekjuskattur

	2018	2019
Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög*:	20%	20%
Aðrir lögaðilar**:	37,6%	37,6%

Virðisaukaskattsþrep

Almennt þrep	24%	24%
Lægra þrep	11%	11%

Tryggingagjald

Venjulegt:	6,85%	6,60%
Sjómannanna:	7,50%	7,25%
Launþega með A1 vottorð:	0,425%	0,425%

Þinggjöld 2019

Fyrirframreiðsla nemur 8,5% af álögðum þinggjöldum 2018 hjá lögaðilum á hverjum gjalddaga fram að álagningu.

* Hlutaafélög, einkahlutaafélög, samlagshlutaafélög, og samvinnufélög.

** Sameignar- og samlagsfélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar, dánarbú, þrotabú og aðrir ótaldir lögaðilar.

Lögaðilar



Tekjuskattur

Skatthlutfall

Á tekjuárinu 2019 er skatthlutfall félaga með takmarkaða ábyrgð (ehf., hf., slhf.) og samvinnufélaga 20%. Skatthlutfall annarra lögaðila (sf., slf., dánarbú, þrotabú o.fl.) er 37,6%.

Skattskyldar tekjur og frádráttarbær gjöld

Skattskyldar tekjur lögaðila eru tekjur að frádregnum rekstrargjöldum. Til rekstrargjalda teljast þau gjöld sem ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

Eftirstöðvar rekstrartaps

Eftirstöðvar rekstrartaps frá síðustu tíu árum á undan tekjuári má draga frá tekjum af atvinnurekstri, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

Söluhagnaður hlutabréfa

Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög (með sjálfstæða skattaðild), gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög, önnur samvinnufélög og samvinnufélagasambönd geta fært til frádráttar frá tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Hið sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagaforum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum hafa fengið af sölu hlutabréfa.

Framangreint gildir hvort sem um er að ræða hagnað af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru á Íslandi eða erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er á Íslandi og í skatthlutfalli sem sé eigi lægra en skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, EES eða EFTA.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar því ekki yfirfæranlegt tap.

Afleiðusamningar

Söluhagnaður af afleiðusamningum telst ávallt til skattskyldra tekna á söluári. Farið er með hagnað af uppgjöri afleiðusamninga eins og söluhagnað eigna.

Arðgreiðslur

Hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum. Sama gildir um móttekinn arð erlendis frá enda hafi hagnaður

hlutafélagsins sem er verið að úthluta verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, EES eða EFTA.

Sameignarfélagum er ekki heimilt að gjaldfæra mótttekinn arð en greiða á móti aðeins 22% skatt af arðstekjum.

Samsköttun félaga

Heimilt er að óska eftir samsköttun hlutafélaga ef móðurfélag á a.m.k. 90% í dótturfélagi eða móður- og dótturfélag eiga saman a.m.k. 90% í öðru dótturfélagi og félögin hafa sama reikningsár. Sama gildir þegar dótturfélag er í eigu samvinnufélags eða sparisjóðs. Eignarhald verður að hafa varað allt reikningsárið nema þegar um nýstofnuð dótturfélög eða fasta starfsstöð er að ræða eða slit á dótturfélagi eða lokun fastrar starfsstöðvar. Samsköttunin nær til tekjuskatts. Heimildin er veitt til fimm ára í senn. Sé samsköttun slitið er ekki fallist á samsköttun á ný fyrir en að fimm árum liðnum. Við samsköttun er hvert ár gert upp áður en tekið er tillit til taps fyrri ára. Tap félags í samsköttun er gert hlutfallslega upp á milli hagnaðar félaganna.

Frá og með 1. janúar 2019 gildir það sama um fastar starfsstöðvar hlutafélaga og einkahlutafélaga í aðildarríkjum EES, EFTA og í Færeyjum. Tap í fastri starfsstöð er hins vegar aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi ef ekki er hægt að jafna tapið hjá erlendu félagi föstu starfsstöðvarinnar.

Gengishagnaður og gengistap hjá þeim sem stunda atvinnurekstur

Gengishagnaður og –tap reiknast af hvers konar eignum og skuldum í árslok. Gengishagnaður telst til skattskyldra tekna en gengistap er frádráttarbær rekstrarkostnaður á því ári sem það myndast.

Þeir sem stunda atvinnurekstur eru skyldugir til að dreifa gengishagnaði og –tapi til skattlagningar á þrjú ár frá og með því ári er umræddar tekjur og gjöld myndast.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

Frádráttur vaxtagjalda og affalla vegna lánaviðskipta við tengda aðila takmarkast við 30% af hagnaði. Með hagnaði er átt við hagnað samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fjármagnsliðum, afskriftum og niðurfærslum fastafjármuna. Takmörkunin á ekki við ef eitt af neðangreindum skilyrðum á við:

a. Vaxtagjöld og afföll eru lægri en 100 milljónir kr.

- b. Vaxtagjöld eru greidd vegna lánaviðskipta innan samstæðu sem nýtur heimildar til samsköttunar eða uppfyllir skilyrði til samsköttunar, þegar öll félög samstæðu eru heimilisföst á Íslandi.
- c. Skattaðili sýnir fram á að eiginfjárhlutfall hans sé eigi lægra en tveimur prósentustigum undir eiginfjárhlutfalli samstæðu sem hann tilheyrir.
- Á ekki við ef eigið fé skattaðila var hækkað innan við sex mánuðum fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og lækkað aftur að samsvarandi fjárhæð innan við sex mánuðum eftir dagsetningu.
 - Ef skattaðili bókfærði eignarhlut í öðru fyrirtæki samstæðunnar skv. hlutdeildaraðferð ber að miða við kostnaðarverð eignarhlutans við útreikning á eiginfjárhlutfalli.
- d. Skattaðili er fjármálafyrirtæki, váttryggingafélag eða félag í eigu framangreindra aðila sem starfar í sambærilegum rekstri.

Í árslok 2018 var gerð lagabreyting vegna b-liðar undanþágunnar. Felld var úr gildi sú undanþága að ákvæðið ætti ekki við þegar lánveitandi bæri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi og í staðinn lögfest undanþága vegna vaxtagjalda sem greidd eru vegna lána innan íslenskrar félagasamstæðu sem nýtur heimildar til samsköttunar eða uppfyllir skilyrði samsköttunar. Lagabreytingin gildir frá og með tekjuárinu 2019, þ.e. álagningu 2020. Með breytingunni mun takmörkun vaxtagjalda tengdra aðila jafnframt gilda um lánaviðskipti þegar lánveitandinn ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi en áður gilti takmörkunin eingöngu þegar um væri að ræða lán frá tengdum aðilum heimilisföstum erlendis.

Afskriftarhlutföll og niðurfærsla eigna

	Lágmark–Hámark
Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar	10%–20%*
Loftför og fylgihlutir	10%–20%*
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki	10%–30%*
Borpallar, leiðslukerfi o.fl. til notkunar við rannsóknir og vinnslu kolvetnis	10%–30%*
Skrifstofuáhöld og tæki	20%–35%
Vélar, tæki og bifreiðar sem ekki falla undir flokkana hér á undan	20%–35%
Íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1%–3%
Verksmiðju- og verkstæðishúsnæði, vörugemymslur o.fl.	3%–6%
Gróðurhús, bryggjur og plön þeim tengdum	6%–8%
Borholur, raflínur og óvaranlegar vinnubúðir	7,5%–10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum	15%–20%
Keypt viðskiptavild	10%–20%

* Fyrningargrunnur þessara fastafjármuna er stofnverð þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum (bókfært verð).

Keyptar aflaheimildir er ekki hægt að fyrna. Eftirtaldar eignir má færa niður að fullu á því ári sem þær myndast eða gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

- a. Stofnkostnað, svo sem vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
- b. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfa og vörumerkja. Falli notkun einstakra eigna ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að $\frac{3}{4}$ hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli.

Milliverðlagning (Transfer pricing) – Skjölunarskylda og ríki-fyrir-ríki skýrsla

Reglur um milliverðlagningu kveða á um að verðlagning (og/eða skilmálar) í viðskiptum milli tengdra lögaðila, eða milli íslensks lögaðila og lögaðila í lágs kattaríki, skulu vera í armslengd en með því er átt að verðlagningin sé sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila. Skattýfirvöld hafa heimild til að meta, og eftir atvikum leiðrétta, verðlagningu og ákvarða skattstofn eða skattstofna að nýju eftir því hvort verð reynist of- eða vanmetið.

Skjölunarskylda hvílir á þeim tengdu lögaðilum sem eru með rekstrartekjur yfir einum milljarði króna á einu reikningsári eða þegar heildareignir eru yfir einum milljarði króna í upphafi eða við lok reikningsárs þar sem þeir eru skyldugir til að skrá m.a. upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila erlendis, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs í viðskiptum sín á milli. Þá ber að varðveita sérstaklega gögn um slík viðskipti, upplýsingar um viðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem þýðingu kann að hafa við milliverðlagninguna og sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila eða hvernig verðlagningu er háttáð.

Móðurfélagi fjölþjóða félagasamstæðu ber að skila svokallaðri ríki-fyrir-ríki skýrslu til skattýfirvalda í heimaríki sínu séu tekjur heildarsamstæðunnar á síðasta reikningsári 100 milljarðar kr. eða meira. Undanþágur geta þó átt við þannig að samstæðufélagi, þ.m.t. fastrí starfsstöð, beri skylda til að skila ríki-fyrir-ríki skýrslu í sínu heimaríki. Hins vegar eru ávallt gerðar kröfur um að innlendir skattaðili, sem tilheyrir skilaskyldri fjölþjóða félagasamstæðu, tilkynni ríkisskattstjóra árlega hvaða félag innan samstæðunnar skili skýrslunni og í hvaða ríki.

CFC reglur

Skattaðili sem á beint eða óbeint 50% eða meiri eignarhlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilíföst í lágs kattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágs kattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning

af. Svo framangreint eigi við, verður erlendi aðilinn að vera heimilisfastur í lágs kattaríki, helmingur eignarhalds í erlenda aðilanum að vera beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð að vera til staðar innan tekjuárs. Hafa skal í huga að ekki er litið til eignarhalds hvers eiganda við ákvörðun þess hvort skilyrðið teljist uppfyllt, heldur hvert samanlagt eignarhald allra innlendra eigenda í hinum erlenda lögaðila er.

CFC reglurnar eiga ekki við séu tekjur félags, sjóðs eða stofnunar að meginstofni ekki eignatekjur og ef félagið, sjóðurinn eða stofnunin fellur undir tvísköttunarsamning eða annan alþjóðasamning milli Íslands og lágs kattaríkis. Þá eiga reglurnar ekki við ef slíkir aðilar eru skráðir í öðru EES-ríki og hafa þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi og tvísköttunarsamningur eða annar alþjóðasamningur er í gildi milli ríkjanna. Þá er það gert að skilyrði í báðum tilvikum að íslensk skattfyrvöld geti fengið og krafist allra nauðsynlegra upplýsinga á grundvelli tvísköttunarsamningsins eða annars alþjóðasamnings svo undanþágan geti átti við.

Reiknað endurgjald

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Sama gildir um starf sem innt er af hendi maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.

Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila. Framangreint gildir einnig um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.

Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds eru birtar á www.rsk.is.

Aðrir skattar og gjöld

Mótframlag í lífeyrissjóð

Lágmarksmótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð (sameignarsjóð) er 8% af launum. Í kjarasamningum kann að vera kveðið á um hærra mótframlag atvinnurekenda. Samkvæmt almennum kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og ASÍ er mótframlag atvinnurekenda 11,5% frá 1. júlí 2018. Mótframlag atvinnurekenda í séreignarlífeyrissjóð er almennt 2% á móti framlagi launþega.

Tryggingagjald

Tryggingagjald í staðgreiðslu tekjuárið 2019 er 6,60% en tryggingagjald vegna launa sjómanna er 7,25%. Tryggingagjald launþega með A1 vottorð er 0,425%.

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra nær ekki 504.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að greiða tryggingagjald með einni greiðslu í lok árs í stað mánaðarlegra greiðslna.

Erlendum launagreiðanda er heimilt að greiða tryggingagjald vegna starfsmanna sinna sem eru heimilisfastir hér á landi enda skrái hann sig á launagreiðendaskrá.

Útvarpsgjald

Innlendir lögaðilar eiga að greiða útvarpsgjald. Gjaldið við álagningu 2019 er 17.500 kr. Undanþegnir greiðslu eru dánarbú, þrotabú og lögaðilar sem sérstaklega eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Gistináttaskattur

Gistináttaskattur er 300 kr. á hverja selda gistináttaeiningu, en gistináttaeining er leiga á gístaðstöðu í allt að einn sólarhring. Með gístaðstöðu er átt við herbergi, húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, að svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og að leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.

Tilgreina ber gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts og ber virðisaukaskatt eins og gistingin.

Ekki skal leggja gistináttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt.

Virðisaukaskattur

Öll vara og þjónusta, sem ekki er sérstaklega undanþegin virðisaukaskatti, er skattskyld. Almennt skattþrep virðisaukaskatts er 24%. Þó skal innheimta 11% virðisaukaskatt af tiltekinni vöru og þjónustu, s.s. matvælum, bókum o.s.frv.

Í lögum um virðisaukaskatt eru tilgreindar undanþágur frá innheimtu virðisaukaskatts. Þær taka m.a. til heilbrigðisþjónustu, ýmiss konar kennslu, menningar- og íþróttastarfsemi.

Undanþegnir virðisaukaskattskyldu eru einnig þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 2.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.

Sala á ákveðinni vöru og þjónustu telst ekki til skattskyldar veltu. Þannig reiknast ekki útskattur á alla sölu skattskyldra aðila. Dæmi um undanþegna veltu er t.d. vörur sem seldar eru úr landi, vinna og þjónusta sem veitt er erlendis o.fl.

Almennt uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldldagi virðisaukaskatts er einum mánuði og fimm dögum eftir lok uppgjörstímabils. Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 4.000.000 kr. á ári skulu nota almanaksárið sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts og þá er gjaldldagi 5. febrúar ár hvert.

Ýmislegt

Erfðafjárskattur og dánarbú

Erfðafjárskattur er 10% og gildir það hvort heldur um er að ræða hefðbundna arftöku eða fyrirframgreiðslu arfs.

Ekki er greiddur erfðafjárskattur af fyrstu 1.500.000 kr. í skattstofni dánarbús, en skattfrelsi þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs. Þá greiðir maki engan erfðafjárskatt. Skattfrelsi makans tekur einnig til sambúðarmaka sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við arfleifanda og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambúðarmaka arfleifanda er ótvírátt getið.

Ekki er greiddur erfðafjárskattur af gjöfum sem falla til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa að almannaheillum.

Skattstofn er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir á dánardegi arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Með heildarverðmæti er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Fasteignir eru taldar á fasteignamatssverði. Dánarbú skattleggjast sem lögaðilar í 37,6% skattþrepi í því umdæmi sem skipti fara fram. Skattskyldu dánarbús lýkur við skiptalok hjá sýslumanni.

Stimpilgjald

Af skjölum er varða eignaryfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi, svo sem afsölum, kaupsamningum og gjafagerningum, skal greiða stimpilgjald. Einnig ber að greiða stimpilgjald vegna eftirrita af dómum, sáttum og lögbókandagerðum er skapa réttindi eða skyldur sem ekki hefur áður verið gert um gjaldskyld skjal samkvæmt framansögðu.

Gjaldstofn stimpilgjalds er verð viðkomandi eignar eins og það er tilgreint í gjaldskyldu skjali eða fasteignamatsverð ef um er að ræða skjal er varðar eignaryfirfærslu fasteignar.

Af gjaldskyldum skjölum skal greiða 0,8% stimpilgjald ef rétthafi er einstaklingur en 1,6% stimpilgjald ef rétthafi er lögaðili. Þegar um er að ræða fyrstu kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði greiðist hálf stimpilgjald af gjaldskyldu skjali. Skilyrði helmingsafsláttar af stimpilgjaldi er að kaupandi íbúðarhúsnæðisins verði þinglýstur eigandi að a.m.k. helmingi þeirrar eignar sem keypt er og að kaupandi hafi ekki áður verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.

Ef fasteign eða skip er selt veðhafa við nauðungarsölu greiðir veðhafi hálf stimpilgjald af verðmæti eignarinnar hvort sem hann er einstaklingur eða lögaðili.

Ekki skal greiða stimpilgjald þegar nafnabreyting verður á eiganda fasteignar eða skipa í kjölfar félagaréttarlegs samruna, breytingar einkahlutafélags í hlutafélag eða skiptingar.

Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða 2.500 kr.

